

L Ö G

um breyting á lögum nr. 3 6. marz 1964, um laun forseta Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Launakjör forseta Íslands skulu ákveðin af Kjaradómi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört i Reykjavík, 16. apríl 1971.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Jóhann Hafstein.

18. apríl 1971.

Nr. 59.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 63 28. maí 1969, um verzlun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

7. gr. laga nr. 63 frá 28. maí 1969, um verzlun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf, orðist svo:

Allar vörur, sem Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins selur, skulu merktar með nafni verzlunarinnar og/eða merki hennar. Einnig er Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins skylt að verja 2% af brúttósölu tóbaks til greiðslu auglýsinga í sjónvarpi, hljóðvarpi, blöðum, kvikmyndahúsum og víðar, þar sem varað er við hættu af tóbaksreykingum. Um alla framkvæmd þessa skal haft samráð við stjórn Hjartaverndar og stjórn Krabbameinsfélags Íslands.

Allar auglýsingar á tóbaki í blöðum, útvarpi, sjónvarpi, kvikmyndahúsum og utandyra skulu bannaðar. Þó er Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins heimilt að auglýsa verð á tóbaksvörum.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1972.

Gjört að Bessastöðum, 18. apríl 1971.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Magnús Jónsson.